




# FJÁRHAGSÁÆTLUN DALABYGGÐAR

ÞRÍR FUNDIR Í BODI:

2. DESEMBER  
2025



Haldnir verða þrír opnir fundir til kynningar á fjárhagsáætlun Dalabyggðar til að gefa sem flestum íbúum tækifæri á að mæta.

Dagskrá allra funda er sú sama:

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar 2026 – 2029

Heitt á könnunni og íbúar hvattir til að mæta.

NÝSKÖPUNARSETUR DALABYGGÐAR

(1. hæð Stjórnsýsluhúss)  
MIÐBRAUT 11 Í BÚÐARDAL

ÞRIÐJUDAGINN 2. DESEMBER

FYRSTI FUNDUR KL. 12:00 – 13:00

ANNAR FUNDUR KL. 17:00 – 18:00

ÞRIÐJI FUNDUR KL. 20:00 – 21:00

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 671 íbúar samkvæmt Íbúasýn/Þjóðskrá mv. 2. desember sl. og eru því einum fleiri en í byrjun nóvember en þá voru skráðir í Íbúasýn/Þjóðskrá 670 íbúar.
- Það er alltaf stór áfangi þegar fjárhagsáætlun fyrir komandi ár er lokið eins og við gerðum hér fyrr á fundinum. Ég vil hér ítreka þakkir mínar til samstarfsfólks, bæði hér á skrifstofu Dalabyggðar, deildarstjórum og eins kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum fyrir allt það góða framlag sem lagt hefur verið af mörkum í þessari vinnu undanfarnar vikur. Einnig vil ég þakka þeim sem mættu í kaffisþjall til umræðna um fjárhags- og framkvæmdaáætlunina en við buðum upp á þrjá slíka fundi sama daginn í þetta sinn og voru þeir haldnir þriðjudaginn 2. desember sl. Dalabyggð er sjálfbær hvað rekstur varðar og mikilvægt að halda vel á málum svo að það verði áfram. Þar skiptir miklu máli sú sterka kostnaðarvitund sem er að mínu mati innibýggð í okkar mannauði og er það ekki sjálfgefið.



- Nú nálgast óðfluga verklok framkvæmda við íþróttamannvirkin okkar. Búið er að vinna fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár, auglýsa laus störf og er nú unnið úr inn komnum umsóknum út frá mannaaflapörf og er sú vinna að taka á sig skýra mynd, búið að ákveða opnunartíma mannvirkisins og í raun allt í gangi við upphaf þessa mikilvæga reksturs. Rekstur íþróttamiðstöðvarinnar mun taka til sín á komandi árum en það er sannfæring mín að tilkoma þessarar einingar mun verða gríðar jákvæð fyrir samfélagið okkar hér í Döllum.

# Menningarmálaverkefnasjóður Dalabyggðar



Hlutverk sjóðsins er að styðja við menningarmál í Dalabyggð.

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir með lögheimili í Dalabyggð.

Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2026.

Umsóknum skal skila á [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is) eða skrifstofu Dalabyggðar að Miðbraut 11, 370 Búðardal.

**Menningarmálanefnd Dalabyggðar  
auglýsir eftir umsóknum í  
menningarmálaverkefnasjóð.**

**Til úthlutunar 2026 verða  
1.000.000 kr.-**

Úthlutunarreglur og  
umsóknareyðublað má nálgast á  
heimasíðu Dalabyggðar: [www.dalir.is](http://www.dalir.is)

Menningarmálanefnd Dalabyggðar auglýsir nú eftir umsóknum á heimasíðu Dalabyggðar í menningarmálaverkefnasjóð.

Til úthlutunar hafa verið undanfarin ár en nú í ljósi samþykktar sveitarstjórnar í fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 verða 1.500.000 kr.- til úthlutunar, ekki 1 millj.kr. líkt og verið hefur undanfarin ár.

Hlutverk sjóðsins er að styðja við menningarmál í Dalabyggð og er það gert með því að veita styrki eftir því sem menningarmálanefnd Dalabyggðar telur þjóna markmiðum sjóðsins. Umsækjendur í sjóðinn geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir með lögheimili í Dalabyggð. Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2026. Og skal skila inn umsóknum á [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is) eða skrifstofu Dalabyggðar að Miðbraut 11, 370 Búðardal.



- Hér fyrr á fundinum var lagður fram viðauki við viljayfirlýsingu á sem í gildi hefur verið á milli Dalabyggðar og Byggðastofnunar um samstarf við undirbúning og uppbyggingu á atvinnuhúsnæði hér í Dölum. Það er gleðilegt að það er enginn bilbugur á hvorugum aðilanum sem um ræðir og er ég sannfærður um að við komumst af stað í framkvæmdir á atvinnuhúsnæði hér í Búðardal á vormánuðum.



- Við höfum lítil viðbrögð fengið frá ríkisvaldinu að undanfögnu varðandi þrýsting okkar á að hafist verði handa við uppbyggingu hér í Búðardal á húsnæði fyrir viðbragðsaðila. Nú er komin upp sú staða að við þurfum að fara að huga að því hvort við þurfum að skipta um gír, breyta okkar nálgun og mögulega íhuga það að fara af stað með þetta verkefni án aðkomu þeirra ríkisstofnana sem um ræðir, ég tel rétt að byggðarráð hefði það samtal sem fyrst við þá hagaðila hér í Dölum sem um ræðir.



# Frumkvæðissjóður DalaAuðs auglýsir eftir umsóknum

**Umsóknarfrestur er til 21. janúar 2026 kl. 12.00 á hádegi**

Samfélagsleg  
verkefni



Nýsköpun



Menningarstarf  
og viðburðir



Frumkvæðissjóður DalaAuðs auglýsir nú eftir umsóknum í sjóðinn. Umsóknarfrestur er til 21. janúar 2026, klukkan 12.00 að hádegi.

Frumkvæðissjóður DalaAuðs styrkir nýsköpunar- menningar- og samfélagsverkefni í Dalabyggð. Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur DalaAuðs má finna á vef SSV.

Nánari upplýsingar og aðstoð við undirbúning á umsóknum veitir sem fyrr Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri, netfang: [linda@ssv.is](mailto:linda@ssv.is) og sími: 7806697



- það var áhugaverð heimsókn sem byggðarráð fékk í síðustu viku sem tengist mögulegu samstarfsverkefni aðila hér í Dölum við kollega í landbúnaðartengdum verkefnum í Mongólíu. Ásmundur Einar Daðason Dalamaður með meiru er í forsvari þessa ásamt ræðismanni Íslands í Mongólíu – það eru allar líkur á að framhald verði á þessu samtali upp úr áramótum og er það mitt mat að það geti orðið mjög áhugavert að láta þessa hugmynd og þá vinnu sem átt hefur sér stað þróast frekar.



- Samtal við HVE vegna samstarfs í tengslum við „Gott að eldast“ verkefnið er í fullum gangi og í tengslum við það er verið að flikka upp á herbergi í Silfurtúni þar sem í bígerð er að bjóða upp á þjónustuíbúðir á næstunni. Um er að ræða tvö rými sem geta þá nýst eldri borgurum sem búa utan Búðardals. Einnig höfum við í samstarfi við HVE sent inn beiðni um að félagsmálaráðuneytið styðji við að komið verði á fót allt að þremur dagdvalarrýmum hér í Dölum sem fengju þá inni á Silfurtúni. Tel ég að þetta skipti miklu máli hvað varðar bættan aðbúnað aldraðra hér í Dölum og þetta muni gera fólki kleift að vera lengur heima en ella ef heilsu fer að dala – en þó auðvitað upp að vissu marki og því er mikilvægt að HVE og Silfurtún bjóði upp á hjúkrunarrými áfram hér í Búðardal.



**HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR MÖGULEGA SAMEININGU  
DALABYGGÐAR OG HÚNAÞINGS VESTRA?**

**WWW.DALHUN.IS**

- Nú erum við komin á lokasprett í kosningum um mögulega sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra. Kosning hefur staðið yfir frá því 28. nóvember og lýkur henni núna á laugardaginn kemur, þann 13. desember. Úrslit verða kynnt að talningu lokinni á laugardagskvöld en atkvæðin verða talin fljótlega að kosningu lokinni. Haldnir hafa verið íbúafundir sem ágætlega hefur verið mætt á og ýmsir látið sig málið varða með einum eða öðrum hætti. Nú er von mín og ósk að kjörsókn verði góð þannig að niðurstaðan, hver sem hún verður, verði tekin af meirihluta þeirra sem kosningarétt hafa í hvoru sveitarfélagi fyrir sig.
- Einnig er rétt að minna á heimasíðu verkefnisins, [www.dalhun.is](http://www.dalhun.is) ef einhverjir sem þessa skýrslu mína lesa og eiga eftir að kynna sér ákveðnar forsendur.



Það er hægt að hafa nóg fyrir stafni í Dalabyggð og þar er líka hægt slaka á. Í Dölunum ríkir bjartsýni og fólk er almennt mjög samhent. Þetta er einfaldlega samfélag þar sem fólki liður vel.

### Samfélag þar sem fólki liður vel

# Ánægðari íbúar í Dalabyggð

Dalabyggð er í miklum uppgangi, það er mikil gróska í atvinnu- og menningarlífi og íbúar eru ánægðari en áður. Þá hefur Dalabyggð ekki skilað tapi á rekstri í mörg ár.

Dalabyggð hefur tekið stakkaskiptum á undanföllum misserum. Sveitarfélagið, sem sótti um þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir vegna íbúafækkunar og veiklar stöðu, er nú í miklum uppgangi. Íbúar eru ánægðari en áður, fleiri flytja á svæðið og mikil gróska er í atvinnu- og menningarlífi. Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð, segir umskiptin hvorki vera tilviljun né tilkomin af einni aðgerð heldur samspili margra þátta. „Við enduðum á að leita í verkefnið Brothættar byggðir. Við komum ekki vel út í íbúakönnunum og upplifun margra var að Dalirnir væru svoítið í stöðnun. Við ákváðum því að taka á vandanum á markvissan hátt, meðal annars með verkefnum DalaAuði og



Jóhanna María Sigmundsdóttir er verkefnastjóri hjá Dalabyggð.

svo Dalabyggð í sókn sem hafði það skýra markmið að efla bæði imynd svæðisins út á við og sjálfsmynd íbúanna sjálfra.

Eins tókum við mjög meðvitaða ákvörðun um að leggja áherslu á jákvæðni, tala um allt það góða sem er að gerast og upplýsa íbúa

reglulega. Það skiptir máli að fólk sé stolt af heimabyggð sinni og það sjáum við enn frekar núna,” segir Jóhanna.

#### Gjaldfrjáls leikskóladvöl

Eitt af því sem vakið hefur sérstaka athygli eru litlar en áhrifaríkar aðgerðir líkt og að greitt er fyrir líkamsræktaraðgang eldri borgara, bókasafnið er gjaldfrjálst og elsti leikskólahópurinn greiðir ekkert dvalargjald, svo eitthvað sé nefnt.

„Við viljum styðja fjölskyldur og gera þetta bil milli leikskóla og grunnskóla sem einfaldast,” segir Jóhanna. „Það eru miklar tilfærslur á þessum aldri þannig að þessu hefur verið afar vel tekið. Með þessu erum við líka að leggja áherslu á þjónustu sem bætir daglegt líf án mikils tilkostnaðar fyrir sveitarfélagið. Þetta eru litlir hluti sem skipta samt máli.”

#### Nýtt íþróttahús og sundlaug í Búðardal

Eitt stærsta einstaka verkefni í sögu sveitarfélagsins er nú í byggingu: nýtt íþróttahús og sundlaug í Búðardal. „Við höfum ekki haft íþróttahús í þéttbýlinu og krakkar hafa verið í íþróttatímum í félagsheimilinu,” segir Jóhanna. „Stóra sundlaugin hefur verið á Laugum í Sælingsdal og það hentar illa þegar skólinn er í Búðardal. Nýja mannvirkni verður tekið í notkun í febrúar og inniheldur meðal annars sundlaug og heita potta ásamt íþróttasal sem

uppfyllir meðal annars keppnisstaða fyrir körfubolta. Þetta verður algjör bylting fyrir samfélagið.”

Aðgerðirnar sem gripið hefur verið til virðast hafa borið árangur. Í nýjustu íbúakönnun landshlutanna endurspegladist það skýrt að íbúar eru ánægðari. Dalabyggð skaust þar úr 23. sæti í það 15. „Við urðum beinlínis hástökkvarar,” segir Jóhanna og hlær. „Þrátt fyrir vótæka þjónustu, fjárfestingar og þjónustuviðbætur hefur Dalabyggð ekki skilað tapi á rekstri frá að minnsta kosti árinu 2009. Þetta kemur mörgum á óvart. En við erum varkár, vinnum vel úr verkefnum með von um að það skili samfélaginu mestum ávinningi.

#### Samfélagið það besta við Dalina

Ímynd Dalanna var ekki slæm, hún var bara ekki mjög sterk. Að bæta úr því hefur meðal annars verið verkefnið síðustu misseri,” segir Jóhanna. Húsnæði, hvort heldur til sölu eða leigu, staddir stutt við á markaði, ferðabjónar sjá fyrir sér frekari uppbyggingu og aðrir atvinnurekendur tala um fjölbreytt tækifæri í rekstri. Samfélagið sjálft er samt það besta við Dalina. „Ég segi stundum að í Dölunum getur þú haft nóg fyrir stafni ef þú vilt en jafnframt haft það rólegt þegar þú þarfnast þess. Hér ríkir bjartsýni og fólk er samhent. Þetta er einfaldlega samfélag þar sem fólki liður vel,” bætir Jóhanna við að lokum.

- Ég vil vekja athygli á góðri umfjöllun í Morgunblaðinu fyrir stuttu, mynd hér með í skýrslu minni af þeirri umfjöllun, þarna er fjallað um þann árangur sem náðst hefur í þeirri viðleitni okkar allra sem hér störfum að styrkja innviði, samheldni og samvinnu í þágu góðs samfélags – mitt mat er að vel hafi til tekist og er eftir því tekið víða hvernig að málum er staðið í Dölunum – og allt er þetta háð vilja íbúa til athafna.



- Að lokum langar mig til að þakka aðstandendum jólatónleikanna „Er líða fer að jólum“ fyrir aldeilis magnaða tónleika í Dalabúð laugardaginn 29. nóvember sl. Þessir tónleikar voru nú haldnir í fjórða sinnið og verða þeir bara betri og betri eftir því sem þeim fjölgar. Ég vona svo sannarlega að framhald verði á, kærar þakkir allir sem að framkvæmd komu.
- Einnig vil ég þakka öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd á jólamarkaði sem haldinn var hér í Dalabúð um síðustu helgi, dagana 6. og 7. desember, flottur markaður sem mér virtist ganga vel þegar ég kíkti við.
- Að síðustu vil ég vekja athygli á verslun handverkshópsins Bolla hér í Búðardal en í innliti mínu þar á laugardaginn var mátti sjá ýmsan jólavarning handunnin hér í Dölum auk alls annars handverks sem sjá má þar og er á boðstólum – það er svo sannarlega hægt að gera jólainnkaup í Dölunum. Og svona í blálökin vil ég benda á sýningar hér í anddyri stjórnsýsluhússins sem og í bókasafni á munum tengdum jólum og jólabakstri í gegnum tíðina.



- Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

- BBÞ – 11/12/2025